

FUNDARGERÐ 523. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 10. desember 2025. Fundurinn er settur klukkan 18:00. Fundurinn er staðfundur að Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Margrét Bjarnadóttir (vm), Orri Vignir Hlöðversson, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson. Svana Helen Björnsdóttir boðar forföll.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Upplýsingatækniöryggi - NIS2 vegferð SORPU

Heiðbjört Vigfúsdóttir, upplýsingatæknistjóri SORPU, tekur sæti á fundinum undir liðum 1 og 2. Upplýsingatæknistjóri kynnir NIS2 og þær aðgerðir sem SORPA mun grípa til til að standa undir þeim kröfum sem líklegt er að löggjöfin setji á samfélagslega mikilvæg innviðafyrirtæki á borð við SORPU.

2. Stefnur í upplýsingatækni lagðar fram til kynningar

Upplýsingatæknistjóri gerir grein fyrir upplýsingatæknistefnum sem lagðar eru fram til kynningar. Undir upplýsingatæknistefnu SORPU falla meðal annars upplýsingaöryggisstefna, gervigreindarstefna og persónuverndaryfirlýsing SORPU.

3. Hagræðingaraðgerðir í rekstri endurvinnslustöðva

Fjármálastjóri og sviðsstjóri þjónustu og samskiptasviðs gera grein fyrir tækifærum til hagræðinga í rekstri endurvinnslustöðva.

Minnisblað um hagræðingaraðgerðir lagt fram.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að grípa til þeirra hagræðingaraðgerða sem fjallað er um í minnisblaðinu.

4. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu stofnunar undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu.

Stjórn SORPU bókar:

„Stjórn SORPU bs. veitir framkvæmdastjóra heimild til þess að stofna Undirbúningsfélag um hátæknibrennslu á Íslandi ehf. á þeim forsendum sem kynntar hafa verið í erindi dags. 10. des. 2025. Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að upplýsa eigendavettvang samlagsins um stofnun félagsins og þær forsendur sem henni liggja til grundvallar.

Stjórn undirbúningsfélagsins verður skipuð þremur fulltrúum, tveimur frá SORPU bs. og einum frá Köllu sf. Fulltrúar SORPU í stjórn félagsins verða Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.“

5. Áframhald ESA-verkefnis, stofnun starfshóps

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu ESA-verkefnisins. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild stjórnar til að stofna starfshóp um vinnu og innleiðingu ESA-verkefnisins. Áður en hópurinn verður stofnaður verður framkvæmd verðkönnun til að tryggja hagstæðust kjör á ráðgjöfum hópsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að stofna starfshóp til að vinna að innleiðingu ESA-verkefnisins.

6. Endurvinnslustöð við Glaðheima

Sviðsstjóri þjónustu og samskiptasviðs gerir grein fyrir samskiptum SORPU og skipulagsyfirvalda í Kópavogi. Starfsmenn SORPU gengu á fund fulltrúa skipulagsyfirvalda í Kópavogi og kynntu uppfærða tillögu að lóð og útliti fyrirhugaðrar endurvinnslustöðvar við Glaðheima.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og funda með bæjaryfirvöldum í Kópavogi um framtíð endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg, sem áætlað er að loki 1. febrúar næstkomandi.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir skýrslu framkvæmdastjóra.

Kynningin fylgir fundargerð.

8. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Lagt til að breyta gjaldskrá endurvinnslustöðva þannig að „501620910 Raf- og rafeindatæki frá daglegum rekstri“ og „1501617910 Raf- og rafeindatæki frá rekstri“ verði alfarið gjaldfrjálsir. Nú er rukkað álagsgjald fyrir magn umfram tvo rúmmetra.

Stjórn samþykkir breytinguna.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 14. janúar 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 20:00.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.

.

Góði hirðirinn

- Góði hirðirinn er rekinn án hagnaðar og útdeilir styrkjum árlega. Formleg styrkveiting verður 15. desember í húsnæði Góða hirðisins þegar nýtt fræðslu- og viðburðarrými verður vígt.
- Endurhönnun verslunar stendur yfir. Markmiðið er að bæta þjónustu upplifun og nýta húsnæði betur. Mest áberandi breytingin verður við færslu á afgreiðsluborði.
- Nýtt verklag við gámalosun og vinnslu skilar skilvirkari losun gáma og lækkar kostnað
- Ávinningur af endurnotum í hefur verið reiknaður í kolefnisígildum. Niðurstöður varpa ljósi á mikilvægi þess að lengja líftíma fatnaðar, raftækja, reiðhjóla og fleiri vöruflokka og efla eins og kostur er endurnotahagkerfið á Íslandi.

FÖT
400 tonn
CO₂-íg



HEIMILISTÆKI
370 tonn
CO₂-íg



REIÐHJÓL
3.100 tonn
CO₂-íg



HÚSGÖGN
1.500 tonn
CO₂-íg



Þjónustu- og samskiptasvið

Rekstur endurvinnslustöðva

- Afgreiðslutími endurvinnslustöðva verður 09:00-19:00 alls staðar nema á Blíðubakka frá og með 16. desember
- Afgreiðslutími móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir verður 10:00-18:00
- Stálgrindatjaldhýsi fyrir spilliefni og Góða hirðinn tekin í notkun í mars á Breiðhelli og má búast við að efnismiðlun Góða hirðisins taki aftur til starfa.
- Magn á endurvinnslustöðvar hefur verið umfram áætlun það sem af er ári og leiðir af sér viðvarandi framúrkeyrsla á áætluðum kostnaði við afsetningu úrgangs. Brugðist hefur verið við með hagræðingaraðgerðum.

Þjónustu- og samskiptasvið

Birtingar: social, umhverfisgrafík, vefborðar, útvarp

Hvernig á að flokka jólin?

Þrepaskipt þjónusta

- Samstarf með sveitafélögum
- Tunnan- Grenndargámar- Endurvinnslustöðvar


Flugeldasöfnun með sveitafélögunum

Jólagjöfin er notuð & jólasveinar versla í GH!

Ónýtur
jólapappír

á heima
í pappírs-
tunnunni

SGRPA



Þjónustu- og samskiptasvið

Jólapeysusmiðja í GH með Ýrúarí
28. og 29. nóv

Jólagleði Góða
6. desember

Þórarinn Eldjárn- Bangsapokinn-
upplestur
Skólahljómsveit- kl.13.00

Jólauppboð Ljósins & GH

13 desember
KK stýrir, kaffi og kruðerí!

Styrkveiting & opnun Kassans!
15 desember

Fyrirsögn

Jólapeysu smiðja með Ýrúarí

og

Góði

Upplýsingar

Gerðu jólapeysuna þína
einstaka!



Dagsetning

28.- 29.11

15:00-17:00

Góði hirlirinn

Kötlunarklettsvegur 1, 104 Reykjavík

godihirlirinn.is



Móttökustöð

Umbreyting á starfsseminni s.l. tvö ár.

- Veruleg breyting hefur orðið á samsetningu úrgangs er berst SORPU bs á s.l. tveim árum.
- Nú berst SORPU bs. eingöngu flokkað efni frá heimilum sem hefur skapað tækifæri til að einfalda starfssemi og lækka kostnað. Nýlega var t.d. forflokknarlína SORPU bs. í Gufunesi tekin niður og afskrifuð.
- Vegna breyttra starfshátta er SORPA bs. að endurskipuleggja móttökusvæði fyrir endurvinnsluefni í Gufunesi með það að augnamiði að lækka kostnað og hefur t.d. náðst að fækka böggunarvélum um eina og einfalda ferla.
- Óflokkaður úrgangur hefur minnkað um 50% á árinu og ber að fagna því. Þakka má öfluggu fræðslustarf og leiðbeiningum starfsmanna að þessi árangur er að nást.

GAJA

Stöðugar umbætur í rekstri hafa skilað árangri

- Stöðugt er unnið að því að þróa starfssemi GAJA til að auka magn og gæði metans og moltu.
- Tilraunir á loftflæði í þroskunarkrómi til að auka afköst verksmiðjunnar og auka gæði moltu gefa góða raun.
- Umbúðaskilja komst í gagnið í sumar og er í góðum rekstri – verkefni að hefjast til að auka magn inn í umbúðaskiljuna frá rekstraraðilum

Urðunarstaður

Rekstur gengur vel og vel tekst til við að minnka urðun

- Timburvinnsla gengur vel. SORPA bs. fékk nýlega leyfi til að flytja litað timbur til Þýskalands í orkuendurheimt.
- SORPA bs. og Einar Sveinbjörnsson hjá Veðurvaktinni eru í samstarfi við að greina lyktarkvartana sem hafa borist vegna starfseminnar í Álfsnesi.
- Unnið er að lokun 2/3 urðunarstaðarins. Lokunaráætlun er í vinnslu og verður lögð fyrir Umhverfis- og orkustofnun á vormánuðum. Stefán Gíslason hjá Environice hefur verið starfsmönnum SORPU bs. innan handar.
- Starfsleyfi til 2030 var nýlega endurnýjað fyrir þann 1/3 af urðunarstaðnum sem verður áfram í notkun til 2030.

Eigna- og viðhaldsdeild

Lækkun kostnaðar og betra skipulag á viðhaldi og fjárfestingum

- Tenging á FIIX við BC kominn og öll viðhaldsvinna er skráð niður á málefni/tæki
- Tenging á skynjurum við FIIX lokið í MTFS. Mikilvægt skref í átt að fyrirbyggjandi viðhaldi og að fá kerfið til að aðstoða við vöktun á búnaði.
- Verkstjóri fyrir viðhald kominn í Álfsnes og vinna hafinn við að koma betra skipulagi á viðhaldi þar.
- Öll ný tæki eru keypt af deild 41 og leigð til viðkomandi deildar. Tilgangurinn er að safna í sjóð til að minnka lántöku SORPU við fjármögnun á nýjum tækjum og auka fyrirsjáanleika deilda varðandi fjárfestingar og áætlanagerð.
- Yfirsýn yfir fjárfestingar og fjárfestingarþörf á vinnuvélum næstu ára. Tæki eru flest endurnýjuð á 5-7 ára fresti og því aukinn fyrirsjáanleiki í hver fjárfestingarþörf næstu ára verður í vinnuvélum og tækjum.

Umhverfismál

Rannsókn á samsetningu blandaðs úrgangs og flokkaðra matarleifa

- Í byrjun nóvember hófst vinna við árlega rannsókn á heimilisúrgangi í móttökustöðinni.
- Greind voru 27 sýni af blönduðum úrgangi og 27 sýni af flokkuðum matarleifum, en hvert sýni er um 100 kg og eru þau tekin úr flestum sorphirðuhverfum höfuðborgarsvæðisins.
- Úrvinnsla stendur nú yfir og má vænta niðurstöðu í seinni hluta janúar.

Umhverfismál

Þróun í magntölum heimilanna

- Þróun í magntölum heimilanna á höfuðborgarsvæðinu gefur til kynna að blandaður úrgangur sé að aukast í tunnum íbúa milli ára, um 5 kg á hvern íbúa.
- Flokkun matarleifa skilar á mótí minna magni í lífrænu tunnuna eða um 2 kg minna á hvern íbúa, miðað við sama tímabil í fyrra (janúar til nóvember).
- Flokkun á pappír og plasti virðist hins vegar vera með svipuðu mótí og árið 2024.
- Niðurstöður rannsóknarinnar á samsetningu blandaðs úrgangs munu gera okkur kleift að meta hvaða úrgangsflokkar aðrir en matarleifar eru síður flokkaðir nú en árið 2024 og í kjölfarið meta hvort og til hvaða aðgerða er þörf á að grípa til að viðhalda góðum árangri í flokkun endurvinnsluefna.

Umhverfismál

Ávinningur af endurnotkun nytjahluta I

- Efla vann nýlega fyrir hönd SORPU greiningu á loftslagsávinning þess að endurnota vörur. Í minnisblaðinu er gengið út frá þeirri forsendu að kaup á endurnotuðum vörum í Góða hirðinum komi í stað sambærilegra nýrra vara sem viðskiptavinur myndi annars kaupa.
- Efnaflokkar voru skoðaðir ítarlega með dæmum og greiningum og losunartölur teknar saman. Þannig var metið hvað sala á vörum í tilteknum vöruflokkum í Góða hirðinum og Efnismiðlun Góða hirðisins gæti fræðilega komið í veg fyrir mikla losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfismál

Ávinningur af endurnotkun nytjahluta II

- Hér má sjá dæmi um nokkra vöruflokka og sparnað í losun á ársgrundvelli miðað við sölu í tilteknum vöruflokkum.

FÖT
400 tonn
CO₂-íg



HEIMILISTÆKI
370 tonn
CO₂-íg



REIÐHJÓL
3.100 tonn
CO₂-íg



HÚSGÖGN
1.500 tonn
CO₂-íg



na fatnaðar,
stur er

endurnotahagkerfið á Íslandi.

Umhverfismál

Úrgangstölfræði á mínum síðum

- SORPA hefur að undanfögnu unnið að því að bæta aðgengi viðskiptavina að gögnum. Þeir viðskiptavinir sem eru með viðskiptakort og skila úrgangi í móttökustöð, GAJA eða á urðunarstað, geta nú nálgast úrgangstölfræði sína á mínum síðum á sorpa.is. Þetta er mikilvægt tæki fyrir viðskiptavinini til að meta hvar þeir geta gert betur.
- Rétt flokkun úrgangs er forsendan fyrir því að hægt sé að nýta þær auðlindir sem felast í úrgangi og gæði flokkunar ráða mestu um hvernig hægt er að ráðstafa honum, til endurnotkunar, endurvinnslu eða förgunar. Í flestum tilfellum eru móttökugjöld einnig hagstæðari fyrir fyrirtæki ef komið er með úrganginn flokkaðan



Úrgangstölfræði Hreyfingayfirlit Reikningar Umsóknir

Forsíða > Úrgangstölfræði > Móttökustaðir fyrirtækja

Móttöku- og flokkunarstöð, GAJA og urðunarstaður

Tímabil


1.1.2025

5.12.2025

Uppfæra

Sækja Excel

Úrgangstölfræði



■ Almennur heimilisúrg. og grófur úrg.
■ Ymis lifrænn úrgangur
■ Pappír og pappi
■ Plást

Lykill	Heiti	Magn (kg)	%
+	Almennur heimilisúrg. og grófur úrg.	57,38	
+	Ymis lifrænn úrgangur	22,2	
+	Pappír og pappi	14,29	
+	Plást	6,13	

Meðhöndlunartölfræði



■ Orkuendurnýting
■ Jarðgerð
■ Endurvinnsla

Lykill	Heiti	Magn (kg)	%
+	Orkuendurnýting	57,38	
+	Jarðgerð	22,2	
+	Endurvinnsla	20,42	